



VINNUSKÓLI SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Skráning í vinnuskóla hefst mánudaginn 27. apríl 2020

Skráning í Vinnuskólann hefst mánudaginn 27. apríl næstkomandi og lýkur mánudaginn 11. maí. Skráningu er skilað á postur@svalbardsstrond.is, og í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, nafn foreldra, símanúmer og númer bankareiknings

Nemendur í 7. bekk vinna tvo fyrriparta í viku. Vinnutími 8.-10 bekkjar er mánud.-fimmtud. 8-16 og 8-12 á föstudögum. Í meðfylgjandi skjali má sjá hvernig vinnudagar og tímar dreifst yfir sumarið.

Vinnuskólinn hefur að leiðarljósi að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglunga á aldrinum 14 – 16 ára (nemendur sem lokið hafa 8. – 10. bekk). Boðið er uppá störf fyrir nemendur í 7. bekk, tvo fyrriparta í viku á þriðjudögum og fimmtudögum. Reynt er að hafa sumarstörf eins fjölbreytt og frekast er unnt, en fyrst og fremst er um að ræða umhverfisverkefni af ýmsum toga s. s. slátt og hirðingu lóða og opinna svæða, hreinsun rusls af vegsvæðum og víðar o.s.frv. Í starfi skólans er leitast við að unglungarnir kynnist þeim skyldum, sem því fylgir að taka þátt í atvinnulífi og að gera þá hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði. Þeim er kennd notkun þeirra verkfæra, sem nauðsynleg eru og notast við þau verkefni, sem á hverjum tíma er unnið að. Þannig öðlist unglungarnir reynslu af verklegum störfum, sem að gagni getur komið síðar meir.

Laun fyrir vinnuskóla falla ekki undir kjarasamninga, en sveitarstjórn ákveður launataxta starfsmanna í vinnuskóla Svalbardsstrandarhrepps. Mjög mikilvægt er að upplýsingar um

banka, höfuðbók og númer reiknings séu réttar (ath. kortanúmer er ekki númer bankareiknings)

Laun eru með orlofi

7. bekkur 560 kr. á tímann

8. bekkur 650 kr. á tímann

9. bekkur 850 kr. á tímann

10. bekkur 1.250 kr. á tímann

Umsóknum er skilað til postur@svalbardsstrond.is. Í umsókn þarf að koma fram:

Nafn:

Heimilisfang:

Kennitala:

Bankareikningur:

Sími:

Nafn forráðamanns/foreldris:

Kennitala:

Sími:

Með kveðju

Björg Erlingsdóttir
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps